

2022 - 2023

ÁRSSKÝRSLA SSP

SAMTÖK
SPROTAFYRIRTÆKJA



Efnisyfirlit

- 04 Hluti I
Um samtökin
- 07 Hluti II
**Stefnumál
starfsársins**
- 06 Hluti III
**Vinna við
stefnumálin**
- 19 Hluti IV
**Viðburðir
starfsársins**
- 20 Hluti V
Myndir úr starfinu
- 22 Hluti VI
Viðaukar



Nú árið er liðið...

Árið 2022 – 2023 einkenndist af áframhaldandi vinnu við að styrkja stuðningsumhverfi fyrir sprotafyrirtæki á Íslandi, sérstaklega hvað varðar endurgreiðslur vegna rannsóknar og þróunarkostnaðar, og aukinni áherslu og betri vitund um mikilvægi nýsköpunar og sprotafyrirtækja. Samstarf stjórnar var með besta móti og samskipti innan SI afar farsæl. Fundir stjórnar einkenndust af málefnalegum og uppbyggilegum umræðum.

Stjórn finnur markverðan mun á áhuga og áherslum stjórnvalda á nýsköpun og stuðningi við sprotafyrirtæki. Stjórnarmenn sem hafa verið í stjórninni um nokkurt skeið merkja töluverða breytingu á viðhorfi til sprotafyrirtækja og frumkvöðla en það hefur breyst til hins betra. Vinna Samtaka sprotafyrirtækja hefur skilað miklum árangri hingað til og er mikilvægt að halda áfram að stuðla að enn öflugra stuðnings- og hvataumhverfi fyrir nýsköpun hér á landi með það að leiðarljósi að hér ríki jöfn tækifæri fyrir alla með góðar, verðmætar hugmyndir.

Fida Abu Libdeh
formaður SSP

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI

Mars 2023

SSP er starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins

Hluti I

Um samtökin

Samtök sprotafyrirtækja, SSP, voru stofnuð 2. júní 2004 og því lýkur nú 18. starfsári samtakanna. Markmiðið með stofnun SSP var að vinna að hagsmunum og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun á Íslandi.

Innan SSP er þverskurður tækni-og hugverkafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, leikjaiðnaði, líftækni, orku-og umhverfistækni, heilbrigðisiðnaði/tækni, matvælatækni, véltækni og byggingartækni. Innan raða SSP eru fyrirtæki á allra fyrstu stigum auk lengra kominna sprota

SSP er því í forsvari fyrir fjölbreyttan hóp fyrirtækja.



**Tengiliður SSP innan SI
á starfsárinu var Nanna
Elísa Jakobsdóttir**

Stjórn SSP

Stjórn SSP var kjörin á aðalfundi þann 30. mars 2022. Formaður stjórnar, Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri GeoSilica, var endurkjörin. Auk hennar voru kjörnar í stjórn Linda Fanney Valgeirsdóttir, framkvæmdastýra Alor og Kolbrún Hrafnkelsdóttir, stofnandi Florealis.

Fyrir í stjórn sátu Alexander Jóhannuson, stofnandi SVAI, Róbert Helgason, stofnandi og framkvæmdastjóri KOT, Kristinn Aspelund, framkvæmdastjóri og stofnandi Ankeris og Stefán Þór Björnsson, fjármálastjóri og meðstofnandi Solid Clouds.

Fida Abu Libdeh og Róbert Helgason eru fulltrúar SSP í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins.

Stjórn fundaði 8 sinnum á formlegum stjórnarfundum, einu sinni á sérstökum stefnumótunarfundi og þess utan á sértekum fundum um ákveðin áherslumál.



Stjórn SSP 2022-2023

Félagsmenn

SSP eru breiðfylking sprotafyrirtækja og stefna samtakanna er að félagsmenn spegli þá fjölbreytni sem ríkir í hópi íslenskra sprotafyrirtækja. Því er mikilvægt að endurnýjun eigi sér stað í hópi aðildarféлага.



52

félagsmenn



11

**ný fyrirtæki
gengu í samtökin**

Miðað er við þá skilgreiningu að sprotafyrirtæki séu fyrirtæki sem sprottin eru upp úr rannsóknar- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar á. Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög (hf.), einkahlutafélög (ehf.) eða samvinnufélög (sf.) og að:

- Þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé að jafnaði a.m.k. 10% af veltu þegar horft er til yfirstandandi starfsárs og þriggja síðustu ára.
- Þá er gert ráð fyrir að fyrirtæki hætti að teljast sprotafyrirtæki þegar þau hafa náð veltu sem nemur einum milljarði króna á ári eða verið skráð í aðallista kauphallar.

Stefnumál starfsársins

Hluti II

Stefnumál

Stefnumótunarfundur stjórnar var haldinn þann 2. júní þar sem áhersluatriði starfsársins voru ákveðin en á aðalfundi var samþykkt að vinna áfram með sömu stefnumál og árið áður.

1



Fjármögnun

- Endurgreiðsluhlutfall vegna R&P verði áfram 35%
- Skattfrádráttur fyrir einstaklingsfjárfesta verði áfram 75% eða hækkí í 100%
- Stuðlað verði að auknu jafnrétti í fjárfestingum

2



Umhverfi

- Umbætur á kaupréttakerfi fyrir sprotafyrirtæki
- Efla skilvirkni og hlutlægni Tæknipróunarsjóðs
- Bætt aðstaða og aðgangur að tækjabúnaði fyrir fyrirtæki í djúptækni og líftækni

3



Ímynd

- Aukin nýliðun og samtal við sprotasamfélagið
- Aukinn sýnileiki SSP og sprotafyrirtækja
- Aukin samskipti félagsmanna SSP

4



Annað

- Kjaramál - tekið verði mið af sérstöðu sprotafyrirtækja á vinnumarkaði
- Sprotum verði gert kleift að taka þátt í útboðum og selja lausnir til hins opinbera í auknum mæli



Skattahvatar vegna R&D

SSP hefur, ásamt öðrum hópum í Hugverkaráði SI, lagt áherslu á að endurgreiðslur kostnaðar vegna rannsóknar og þróunar í nýsköpunarfyrirtækjum verði samkeppnishæfar við önnur lönd.

Í mars 2020 var þak á þeim kostnaði sem má tiltaka vegna rannsóknar og þróunar hækkað í 1100 milljónir og hlutfall af endurgreiddum kostnaði hækkað í 25% fyrir stærri fyrirtæki en 35% fyrir þau minni. Þessar breytingar höfðu jákvæð áhrif á vöxt hugverkafyrirtækja og höfðu í för með sér fjölgun starfa og verkefna samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins. Þessi hækkun var tímabundin til tveggja ára en á starfsárinu vann SSP ásamt öðrum starfsgreinahópum innan SI ötullega að því að hvetja stjórnvöld til þess að hækkunin yrði endurnýjuð og varanlega fest í lög.

SSP skilaði umsögn um málið í maí 2022. Stór áfangi náðist í desember 2022 þegar endurgreiðslurnar voru framlengdar til 2025 í sama horfi og árið 2020

Markmið samtakanna er þó enn að hækkað endurgreiðsluhlutfall verði gert varanlegt.



Skattfrádráttur einstaklinga

Hvatar fyrir einstaklinga til að fjárfesta í ungum og upprennandi fyrirtækjum eru mikilvægir þar sem í oft getur verið um áhættusama fjárfestingu að ræða auk þess sem slíkar fjárfestingar eru enn að ná fótfestu hér á landi. Heimilt er við tilteknar aðstæður og að uppfylltum ýmsum skilyrðum að draga frá tekjuskatts- og/eða fjármagnstekjuskattsstofni einstaklinga hluta af fjárhæð sem varið er til kaupa á hlutabréfum (í hlutafjárukningu) í hlutafélögum sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra þar um. Þau skilyrði sem um ræðir snúa bæði að viðkomandi félagi sem fjárfest er í og þeim einstaklingi sem óskar eftir hlutabréfafrádrætti. Heimildin gildir til ársins 2025.

SSP hefur hvatt stjórnvöld til þess að auka frádráttinn enn frekar en reglurnar eru í dag á þá vegu að 75% fjárfestingarinnar megi draga frá skattstofni. Að mati SSP væri til bóta að hægt væri að draga 100% fjárfestingarinnar frá skattstofni.

Minnisblað frá SI um að heimildin verði hækkuð í 100% liggur hjá fjármálaráðuneytinu en lítið þokaðist í þessu máli á starfsárinu að öðru leyti.



Jafnrétti í fjárfestingum

Stjórn ákvað að gera jafnrétti í fjárfestingum að sérstöku áherslumáli á árinu í kjölfar mikillar umræðu um ójafnan aðgang kvenleiddra og karlleiddra teyma að vaxtarfjármagni.

Skýrsla KPMG þar sem farið er yfir hvernig fjármagn vísisjóðanna dreifist leiddi í ljós að á árunum 2019 og 2020 nam fjárfesting í kvennateymum um 11-12% af fjárfestu fjármagni frá vísisjóðunum á meðan 60-73% fóru til karlateyma. Á árinu 2021 fór einungis 2% af fjármagninu í kvennateymi. Á sama tíma fór um 53% af fjármagninu í blönduð teymi. Til samanburðar var hlutfall fjárfestinga til kvennateyma erlendis á árunum 2019-2021 einungis um 2% og um 8-11% í blönduð teymi. Stjórn SSP ræddi ítarlega gagnaöflun varðandi stöðu mála og telur nauðsynlegt að skýra betur hugtakanotkun og samræma á milli þeirra aðila sem vinna í málinu.

Stjórn fundaði nokkrum sinnum með Framvís – samtökum vísifjárfesta á Íslandi í því skyni að leiða í ljós orsakir þessa ójafnvægis og finna út hver ætti að leiða samtalið og vinna að úrbótum.

Stjórn stefnir að því að halda vinnustofu á nýju starfsári ásamt Framvís þar sem ólíkum aðilum í umhverfinu er stefnt saman og unnið verður að því að kortleggja og greina vandamálið og vinna tillögur til úrbóta.



Jafnrétti í fjárfestingum



Viðskiptastjóri SSP hélt erindi á fundi á vegum Framvís um jafnrétti kynjanna í fjárfestingum á Íslandi þann 2. júní 2022.

Í erindi sínu lagði Nanna Elísa áherslu á mikilvægi samstarfs ólíkra aðila við úrlausn flókinna mála. Nanna Elísa sagði í erindi sínu mikilvægt að finna ástæður ójafnvægis í fjárfestingum vísisjóða milli karlateyma og kvennateyma en það yrði ekki gert nema að draga ólíka aðila úr umhverfinu að borðinu, kalla eftir áliti allra og raunverulega hlusta á ólíkar skoðanir. Hún sagði það ekki aðeins mikilvægt út frá jafnréttissjónarmiði heldur út frá fjölbreytileika íslensks atvinnulífs



Kaupréttakerfi fyrir sprotafyrirtæki

Stjórn SSP lagði ríka áherslu á að kaupréttakerfi fyrir nýsköpunarfyrirtæki, þá helst sprotafyrirtæki, yrði betrubætt. Viðskiptastjóri greindi áherslur félagsmanna bæði IGI og SSP og ítarlegar tillögur um nýtt kerfi voru sendar á fjármálaráðuneytið. Helsta breytingin sem lögð var til var sú að af hagnaði af hlutabréfakaupum starfsmanna, stjórnenda og sértækra ráðgjafa yrði greiddur fjármagnstekjuskattur en ekki tekjuskattur eins og um laun væri að ræða.

Umsagnir SI má sjá [hér](#), [hér](#) og [hér](#) á ólíkum stigum málsins. Tillögurnar hlutu góðan hljómgrunn og birtist frumvarp á haustmánuðum þar sem lagt er til að nýtt kaupréttakerfi fyrir sprotafyrirtæki verði tekið upp á árinu 2023.

Frumvarpið liggur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd og fór viðskiptastjóri SSP hjá SI fyrir efnahags- og viðskiptanefnd í desember 2022 og aftur í febrúar 2023 til þess að ræða tillögur SSP. Sjá nánar [hér](#).



Stuðla að skilvirkni Tækniþróunarsjóðs

Stjórn ákvað að einbeita sér að því að fylgjast með skilvirkni sjóðsins þetta starfsárið fremur en að auknum framlögum.

Stjórn tók því saman spurningalista yfir atriði sem munu stuðla að aukinni skilvirkni, hlutleysi og trausti í umsóknarferli sjóðsins. Listinn var sendur á starfsmann Tækniþróunarsjóðs en sá starfsmaður hætti áður en náðist að koma á fundi um málefnið.

Því liggur spurningalistinn enn hjá Rannís og mun ný stjórn SSP fá það í sinn hlut að ýta málinu áfram.

2



Umhverfi


Betri aðstaða og aðgangur að búnaði

Gríðarlega mikilvægt er að sprotar hafi aðgang að aðstöðu og tækjum til þess að þróa búnað en fyrirtæki í hátækniframleiðslu leysa gjarnan samfélagsleg vandamál, eru arðbær og þau sem hafa náð fótfestu hér á landi eru með stærstu nýsköpunarfyrirtækjum á íslenskum markaði.

Fulltrúi SSP situr í stjórn Tæknisetur en fjölmörg sprotafyrirtæki eiga aðstöðu hjá Tæknisetri í dag.

Stjórn fundaði með Hans Guttormi Þormar, forsvarsmanni Djúptæknikjarna Vísindagarða, um fyrirætlanir um sérstakt húsnæði fyrir sprotafyrirtæki í djúptækniþróun. SSP styður verkefnið sem fékk styrk úr samstarfssjóði háskólanna frá ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og vill koma að því með beinum hætti og munu þrýsta á það.





Nýliðun

Stjórn lagði ríka áherslu á það á starfsárinu að ná til fjölbreyttari hóps sprotafyrirtækja en áður og ná til nýrra fyrirtækja en gríðarleg gróska er í nýsköpun á Íslandi og því mikið um ný fyrirtæki sem þekkja ekki til samtakanna.

Stjórn fundaði með hátt í tuttugu ólíkum sprotafyrirtækjum á starfsárinu og 13 þeirra hafa sótt um inngöngu í samtökin.

Aukin samskipti félagsmanna

Stjórn vill gjarnan stuðla að auknum samskiptum milli félagsmanna SSP, til dæmis með heimsóknum og auknum jafningastuðningi en ekki gafst færi á að setja málefnið í forgang á árinu. Nauðsynlegt er að greina þarfir félagsmanna betur og skipuleggja viðburði eða stofna samskiptavettvang sem þjónar þeim og styður við vegferð þeirra.



Aukinn sýnileiki

Aukin áhersla var lögð á ásýnd samtakanna á samfélagsmiðlum. Unnið er að því að skilgreina litapallettu samtakanna en hún er í dag dökkblár, gulur og grænblár til hátíðarbrigða ásamt svörtum og hvítum. Unnið er að samfélagsmiðlaáætlun og stefnt að reglubundinni birtingu efnis tengdu hagsmunagæslu, samtökunum og stuðningi við frumkvöðla þvert á miðla.

Fylgjendur á Facebook fjölgaði um 10% á milli ára og fylgjendur á LinkedIn fjölgaði um 91%. Þá fjölgaði færslum um 61% á Facebook.



754
fylgjendur



29
færslur




636
fylgjendur



18
færslur



52
fylgjendur



4
færslur

3



Ímynd


Aukinn sýnileiki

Samtökin birtust í fjölmiðlum í auknum mæli á starfsárinu.



Formaður á Hringbraut:

Fida fór í viðtal hjá Markaðnum á Hringbraut í ágúst 2022. Viðtalið fjallaði fyrst og fremst um GeoSilica og vegferð Fidu sem frumkvöðuls á Íslandi en í viðtalinu var einnig rætt um stuðningsumhverfi nýsköpunar þar sem formaður kom áherslumálum SSP vel til skila.



FRETTLADID.IS

Fræ sem þarf að vökva svo vaxi

Viðskiptastjóri í viðtali í

Fréttablaðinu um samtökin:

Nanna Elísa var í viðtali í Nýsköpunarblaði Fréttablaðsins þar sem fjallað var ítarlega um samtökin og áherslumál þeirra.



Græn framtíð á Hringbraut:

Nanna Elísa fór ásamt tveimur félagsmönnum SSP, Kristni Aspelund, framkvæmdastjóra Ankeris og Írisi Baldursdóttur, framkvæmdastjóra Snerpu Power í viðtalsþátt á Hringbraut um Græna nýsköpun en þátturinn var hluti af fjögurra þátta seríu um græna framtíð í iðnaði.



Kjaramál

Stjórn ræddi kjaramál á árinu og komst að því að nauðsynlegt er að greina málið betur. Það skiptist í réttindi frumkvöðla annars vegar, t.d. réttur til lífeyris eftir að hafa unnið launalaust um tíma við að koma fyrirtæki á fót, og hins vegar á skattalegu umhverfi fyrirtækja á fyrstu stigunum, t.d. hvað varðar kröfur um lágmarks reiknað endurgjald og þess háttar.

Umræða fór fram innan stjórnar um sérstakt félagaforn en engin niðurstaða fékkst í málið. Það verður því áfram til skoðunar.

Útboðsmál

Stjórn SSP fundaði með fulltrúum Ríkiskaupa um fyrirhugað nýsköpunarmót og veittu stofnuninni ráðgjöf við útfærsluna. Stjórn lagði áherslu á að Ríkiskaup ættu í virku samtali við atvinnulífið þegar kemur að útboðum og tryggðu að sprotar sem tækju þátt í útboðum bæru ekki skarðan hlut frá borði. Tryggja þarf hugverkarétt á lausnum sem sprotar leggja fram í útboðum, tryggja þarf að tími og vinna fari ekki forgörðum þar sem slíkt er af skornum skammti hjá fyrirtækjum á fyrstu stigunum og tryggja þarf jafnan aðgang að útboðum hins opinbera. SSP fundaði einnig með Ríkiskaupum um Nýsköpunargátt sem ráðuneyti háskóla, iðnaðar og nýsköpunar hyggst koma á fót en málið var sett á ís um óákveðinn tíma. Alexander Jóhannuson sat í vinnuhópi um gáttina.

Viðburðir starfsársins

Hluti IV

Samtök sprotafyrirtækja stóðu fyrir og tóku þátt í ýmsum viðburðum á árinu. Hér að neðan er tæpt á þeim viðburðum sem hafa ekki þegar verið nefndir í skýrslunni.

19
MAÍ

SSP í Nýsköpunarvikunni

Samtök sprotafyrirtækja tóku þátt í Nýsköpunardegi hins opinbera en öllum félagsmönnum var boðið að vera með bás og kynna fyrirtæki sín á deginum. Þá voru formaður og viðskiptastjóri samtakanna á staðnum og kynntu samtökin fyrir áhugasömum.

Kynningafundur um nýsköpunarstyrki EIC

Á fundinum kynnti viðskiptastjóri SSP samtökin auk þess sem sérstök kynning var á þjónustu Evris og áherslatriðum Grænvangs. Þá stóð Katrín Jónsdóttir fyrir kynningu á tækifærum hjá EIC fyrir sprotafyrirtæki.

20
MAÍ

Kynningarfundur um Tækniþróunarsjóð

Samstarfsverkefni SI, SSP og Rannís. Fundurinn var vel sóttur en hann var í persónu og í streymi. 400 hafa horft á fundinn á FB-síðu SI.

18
ÁG

Vaxtarsprotinn

Fyrirtækið Controlant var valið Vaxtarsproti ársins sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbygginu sprotafyrirtækis. Velta fyrirtækisins jókst um 929% á milli árána 2020 til 2021 þegar veltan fór úr 865 milljónum króna í 8,9 milljarða króna.

15
SEPT

Myndir úr starfinu

Hluti V



Myndir úr starfinu

Hluti V



Vaxtarsprotinn

Vaxtarsprotinn er stærsti viðburður Samtaka sprotafyrirtækja en hann var haldinn í 16. skiptið á starfsárinu. Vaxtarsprotinn er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Samtaka sprotafyrirtækja, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Í dómnefnd voru Gísli Hjálmtýsson fyrir Háskólann í Reykjavík, Lýður Skúli Erlendsson fyrir Rannís, Kolbrún Hrafnkelsdóttir fyrir Samtök sprotafyrirtækja og Sigríður Mogensen fyrir Samtök iðnaðarins.

Fyrirtækið Controlant var valið Vaxtarsproti ársins sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, afhenti Vaxtarsprotann í Flórunni í Grasagarðinum í Laugardal. Controlant er alþjóðlegt fyrirtæki sem þjónustar mörg af stærstu lyfjafyrirtækjum heimsins. Hjá fyrirtækinu starfa 390 einstaklingar frá yfir 40 löndum. Velta fyrirtækisins jókst um 929% á milli áranna 2020 og 2021 þegar veltan fóru úr 865 milljónum króna í 8,9 milljarða króna.

Tvö önnur fyrirtæki, Sidekick Health og Coripharma hlutu einnig viðurkenningar. Sidekick Health sem sérhæfir sig í heilbrigðistækni hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir góðan vöxt í veltu. Velta fyrirtækisins jókst um 160% á milli ára, fór úr 250 milljónum króna í 650 milljónir króna milli 2020 og 2021. Coripharma hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir að velta í fyrsta sinn einum milljarði króna. Velta Coripharma fór í fyrsta skipti yfir 1 milljarð króna á síðasta ári, fór úr 888 milljónum króna árið 2020 í 1,3 milljarða króna 2021. Coripharma sérhæfir sig í framleiðslu og þróun lyfja fyrir önnur lyfjafyrirtæki um heim allan, ásamt því að þróa sín eigin lyf.



VAXTARSPROTINN

Viðaukar

Vinna SSP innan Samtaka iðnaðarins

Starfsemi stjórnar SSP markast af þeirri vinnu sem fram fer á skrifstofu Samtaka iðnaðarins annars vegar og í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins hins vegar.

Á vettvangi skrifstofu SI er unnið heildstætt að umbótum á starfsumhverfi iðnaðarfyrirtækja; að gæði og skilvirkni opinberrar þjónustu verði aukin, dregið verði úr umsvifum hins opinbera á samkeppnismarkaði, að eftirlit sé skilvirkt og þjóni tilgangi sínum, dregið verði úr skattheimtu á íslensk fyrirtæki og svo framvegis. SI hafa beitt sér ötullega í þessum málum og áherslur SSP hafa áhrif á þessa vinnu, fyrst og fremst í gegnum viðskiptastjóra SSP hverju sinni.

Þá hefur síðan árið 2016 verið starfrækt Hugverkaráð á vettvangi SI en í því eiga sæti fulltrúar allra starfsgreinahópa þeirra atvinnugreina sem byggja afurðir sínar á tækni og hugverki. Á vettvangi Hugverkaráðs eru rædd þau lykilmálefni sem fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga sameiginleg, til að mynda stuðningur við rannsóknir og þróun, aðgengi að sérfræðipækkingu og fleira. Fulltrúar SSP eru virkir í vinnu Hugverkaráðs auk þess sem viðskiptastjóri SSP hverju sinni vinnur náið með Hugverkaráði og situr alla fundi. Þannig er tryggt að upplýsingaflæði sé á milli ólíkra aðila og samvinna sé um sameiginleg málefni.

Þessu til viðbótar er gott að halda til haga að aðrir starfsgreinahópar, til dæmis Samtök upplýsingatæknifyrirtækja (SUT) og Samtök leikjaframleiðenda (IGI), eiga margt sameiginlegt með SSP en sami viðskiptastjóri sinnir þessum hópum og því er samtakamátturinn meiri en ef engin tenging væri á milli þessara hópa.

Samtök sprotafyrirtækja



Nánari upplýsingar:



659-1223



nanna@si.is



www.si.is/idnadur-og-hugverk/ssp